



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2025
MSS22090004

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framkvæmdir við Háaleitisbraut samkvæmt skráningu í málaskrá MSS22090004

Á fundi borgarráðs, dags. 1. september 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. fundargerð umhverfis og skipulagsráðs, dags. 7. september 2022.

Í frétt á heimasíðu borgarinnar 19. ágúst sl. er tilkynnt að til standi að þrengja Háaleitisbraut úr tveimur akreinum í eina á kafla ofan Bústaðavegar og megi búast við að framkvæmdir hefjist í september. Óskað er eftir ýtarlegum upplýsingum um framkvæmdirnar, m.a. hversu langur sá kafla brautarinnar sé, sem fyrirhugað er að þrengja. Hvar og hvenær var ákvörðun tekin um umrædda þrengingu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar sviðs samgöngu og borgarhönnunar.

Svar við fyrirspurn:

Svið samgöngu og borgarhönnunar vill byrja á að biðjast velvirðingar á því að ekki hafi verið brugðist við þessari fyrirspurn fyrr en núna. Fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs 7. september 2022 en var sent á aflagt netfang og því skilaði fyrirspurnin sér ekki til sviðsins fyrr en í maí 2025.

Sökum þess hversu langt er um liðið og framkvæmdir við Háaleitisbraut löngu liðnar þá telur svið samgöngu og borgarhönnunar ekki þörf á að svara fyrirspurninni frekar.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Reykjavík